

# Starfskjarastefna - ALDA sjóðir hf.

## 1. Markmið

ALDA sjóðir hf. leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá ALDA sjóðir hf. að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni félagsins, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og hvetja til eðlilegrar áhættusækni. ALDA sjóðir hf. leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf, en þó ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög skal starfskjarastefna félagsins lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

## 2. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd Öldu Sjóða er skipuð þremur stjórnarmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra um starfskjör helstu lykilstarfsmanna og ráðgefandi um starfskjarastefnu. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda ALDA sjóðir hf. séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa stjórn skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund félagsins. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda.

## 3. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til stjórnar um þóknun stjórnarmanna fyrir komandi starfsár. Stjórn tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Félagið greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa stjórnarmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við stjórnarmenn.

## 4. Starfskjör stjórnarmanna og helstu stjórnenda

Stjórn ræður framkvæmdastjóra. Starfskjör hans skulu vera samkeppnishæf við kjör stjórnenda í fyrirtækjum á fjármálamarkaði, en þó ekki leiðandi.

Framkvæmdastjóri ræður helstu stjórnendur félagsins og skulu laun þeirra vera samkeppnishæf, en þó ekki leiðandi.

## 5. Breytilegir kjarapættir

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu huga að árangurstengdu launakerfi fyrir starfsmenn (e. employee incentive scheme). Sé slíku kerfið komið upp skal kerfið vera í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um slík kerfi hjá fjármálafyrirtækjum. Tillögur að slíku kerfi og tilheyrandi breytingum á starfskjarastefnu skulu lagðar fyrir stjórn.

## 6. Upplýsingagjöf

ALDA sjóðir hf. gerir grein fyrir kjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í ársskýrslu sinni. Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu félagsins.

## 7. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna ALDA sjóðir hf. er samþykkt af stjórn. Starfskjarastefnan skal jafnframt tekin til afgreiðslu á aðalfundi félagsins og borin undir fundinn til samþykktar eða synjunar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftár en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn skal færa til bókar í fundargerðarbók frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Samþykkt á aðalfundi ALDA sjóðir hf. 28. mars 2017.